



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 22. október 2024
2410034HS SHJ

Efni: Minnivallanáma, efnistökusvæði E30, nr. 1209/2024 - Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar

Þann 9. október sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Rangárþings ytra í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir efnistökusvæði E30 í landi Minni-Valla í Rangárþingi ytra.

Fyrirhugað er að stækka efnistökusvæði E30 - Minnivallanáma úr 1 ha í 6,8 ha ásamt því að auka heimilað magn efnistöku úr 50.000 m³ í allt að 90.000 m³. Nú þegar hafa verið teknir um 20.000 m³ af efni úr námunni á um 1,4 ha svæði. Mun áframhaldandi efnisnám fara fram innan núverandi námusvæðis og á um 5,4 ha óröskuðu svæði suðvestan þess. Náman er staðsett innan fjarsvæðis vatnsverndar fyrir vatnsbólin Tvíbytnulæk VB8 og Kerauga VB9 og í greinargerð verða settir skilmálar varðandi mengunarvarnir innan efnistökusvæðisins.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en áskilur sér rétt til að koma fram með athugasemdir og/eða ábendingar síðar við meðferð málsins.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi